

Íslandsspil sf.
Ársreikningur 2023

Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
200 Kópavogi

kt. 671293-2589

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandsspil eru rekin á grundvelli laga nr. 73/1994 um söfnunarkassa. Allur hagnaður af rekstrinum rennur til eigenda, Rauða krossins á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjörg, sem nota hagnaðinn til að fjármagna verkefni sem snúa að almannavörnum Íslands og til annarra brýnna verka í þágu samfélagsins. Tekjur frá Íslandsspilum gera Rauða krossinum kleift að halda uppi neyðarvörnum vegna áfalla- og hamfara og að vinna að hjálpar- og mannúðarstarfi á Íslandi sem og erlendis. Hlutdeild Slysavarnafélagsins Landsbjörg í Íslandsspilum er mikilvæg fyrir starfsemina og nýtast tekjur bæði í rekstur á tækjum og til þjálfunar björgunar- og slysavarnafólks. Eigendur sinna mikilvægu hlutverki í Almannavörnum Íslands og eru alltaf reiðubúin að bregðast við.

Árið 2023 voru rekstrartekjur 1.047 milljónir króna samanborið við 979 milljónir króna árið 2022. Framlag til eigenda árið 2023 námu 559 milljónum samanborið við 507 milljónir árið 2022.

Viðtækar takmarkanir á starfsemi og lokanir spilakassa vegna Covid-19 heimsfaraldurs ollu miklu tekjutapi sem enn sér ekki fyrir endann á. Spilun færðist í enn meira mæli yfir á netið og sú þróun hefur haldið áfram bæði hérlandis og erlendis.

Íslandsspil bundu vonir við aukna vernd fyrir spilara, bætt starfsskilyrði og jöfnun aðstöðumunar gagnvart innlendri og erlendri samkeppni í kjölfar vinnu starfshóps dómsmálaráðherra um happdrættismál. Þær væntingar hafa ekki ræst þrátt fyrir að dómsmálaráðuneytinu hafi ítrekað verið gerð skýr grein fyrir stöðunni og brýnni þörf á úrbótum. Íslandsspil hafa talað fyrir upptöku spilakorts sem næðu yfir allan íslenska happdrættismarkaðinn að norrænni fyrirmynd.

Hjá Íslandsspilum starfa sex starfsmenn, tvær konur og fjórir karlar. Stjórn Íslandsspila er skipuð tveimur konum og þremur körlum.

Eigendur í árslok voru tveir talsins eins og í upphafi árs. Í árslok skiptust eignarhlutir í félaginu með eftirfarandi hætti:

	Eignarhluti
Rauði krossinn á Íslandi	68,75%
Slysavarnafélagið Landsbjörg	31,25%

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandsspila sf. staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 22. apríl 2024

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Íslandsspila sf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslandsspila sf. („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykavík, 22. apríl 2024

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Tekjur af söfnunarkössum		1.046.793.554	979.117.671
Aðrar tekjur		709.248	19.958.123
		<u>1.047.502.802</u>	<u>999.075.794</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	97.202.000	89.599.805
Annar rekstrarkostnaður		349.963.992	307.287.575
Afskriftir	3	62.502.618	87.675.244
		<u>509.668.610</u>	<u>484.562.624</u>
Rekstrarhagnaður		537.834.192	514.513.170
Fjármunatekjur		9.338.618	2.530.087
Fjármagnsgjöld	(	538.202)	(2.571.103)
Gengismunur	(	50.548)	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>8.749.868</u>	<u>(41.016)</u>
Hagnaður ársins	5	<u>546.584.060</u>	<u>514.472.154</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir:			
Söfnunarkassar		135.268.285	195.368.598
Fasteign		14.399.377	15.070.175
Áhöld og tæki		75.222	75.222
Bifreiðar		13.546.299	8.874.058
	3	163.289.183	219.388.053
Aðrar eignir:			
Sjóðir eftirlits- og umboðsmanna		2.750.000	2.250.000
Varasjóður	5	65.163.993	59.714.687
		67.913.993	61.964.687
Fastafjármunir samtals		231.203.176	281.352.740
Veltufjármunir			
Kröfur vegna söfnunarkassa		18.270.763	15.323.216
Aðrar skammtímakröfur		34.625.546	21.998.380
Handbært fé		160.241.336	127.432.176
Veltufjármunir samtals		213.137.645	164.753.772
Eignir samtals		444.340.821	446.106.512
Eigið fé			
Höfuðstóll	5	348.296.642	360.902.592
Eigið fé samtals		348.296.642	360.902.592
Skammtímaskuldir			
Skuld við eigendur		47.000.001	45.000.001
Ógreidd umboðslaun		18.915.216	20.766.624
Aðrar skammtímaskuldir		30.128.962	19.437.295
Skammtímaskuldir samtals		96.044.179	85.203.920
Skuldir samtals		96.044.179	85.203.920
Eigið fé og skuldir samtals		444.340.821	446.106.512

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	5	546.584.060	514.472.154
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(	359.248)	(1.738.338)
Afskriftir	3	62.502.618	87.675.244
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af sjóðum		0	1.542.510
Veltufé frá rekstri		608.727.430	601.951.570
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun	(	16.074.713)	(9.961.025)
Skammtímaskuldir, hækkun		8.840.259	409.598
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(	7.234.454)	(9.551.427)
Handbært fé frá rekstri		601.492.976	592.400.143
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjárumnum	3	(6.994.500)	(5.960.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		950.000	3.000.000
Lagt í varasjóð á árinu	(	5.449.306)	(2.550.000)
Fjárfestingarhreyfingar	(	11.493.806)	(5.510.000)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiðslur til eigenda	(	557.190.010)	(512.450.003)
Fjármögnunarhreyfingar	(	557.190.010)	(512.450.003)
Hækkun á handbæru fé		32.809.160	74.440.140
Handbært fé í ársbyrjun		127.432.176	52.992.036
Handbært fé í lok ársins		160.241.336	127.432.176

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Söfnunarkassar	6-7 ár
Fasteign	50 ár
Áhöld og innréttingar	5-7 ár
Bifreiðar	6-7 ár

c. Skammtíma kröfur

Kröfur vegna söfnunarkassa eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Engin gjaldfærsla var færð á árinu vegna krafna. Niðurfærslan, sem nam í árslok 1,3 millj. kr., er dregin frá kröfunum í efnahagsreikningi.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun	76.563.195	86.346.664
Mótframlag í lífeyrissjóð	10.196.367	12.243.005
Áætluð laun vegna starfsloka	0 (	19.503.046)
Launatengd gjöld	10.442.438	10.513.182
Laun og annar starfsmannakostnaður samtals	97.202.000	89.599.805
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	6,5	6,5

3. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2022	976.397.149	33.539.898	752.614	19.366.184	1.030.055.845
Fært út á árinu	(31.641.614)	0	0	0	(31.641.614)
Keypt á árinu	0	0	0	5.960.000	5.960.000
Selt á árinu	0	0	0 (	6.308.307)	(6.308.307)
Heildarverð 1.1.2023	944.755.535	33.539.898	752.614	19.017.877	998.065.924
Keypt á árinu	0	0	0	6.994.500	6.994.500
Selt á árinu	0	0	0 (	4.296.363)	(4.296.363)
Heildarverð 31.12.2023	944.755.535	33.539.898	752.614	21.716.014	1.000.764.061

Skýringar, frh.:

3. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig, frh.:

	Söfnunar- kassar	Fasteign	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Afskrifað 1.1.2022	695.952.291	17.798.925	652.305	13.287.365	727.690.886
Afskrift færð út	(15.008.531)	0	0	(5.046.644)	(20.055.175)
Afskrifað á árinu	68.443.176	670.798	25.087	1.903.099	71.042.160
Afskrifað 1.1.2023	749.386.936	18.469.723	677.392	10.143.820	778.677.871
Afskrift færð út	0	0	0	(3.705.611)	(3.705.611)
Afskrifað á árinu	60.100.313	670.798	0	1.731.507	62.502.618
Afskrifað samtals 31.12.2023	809.487.249	19.140.521	677.392	8.169.716	837.474.878
Bókfært verð 1.1.2022	280.444.858	15.740.973	100.309	6.078.819	302.364.959
Bókfært verð 31.12.2022	195.368.599	15.070.175	75.222	8.874.057	219.388.053
Bókfært verð 31.12.2023	135.268.286	14.399.377	75.222	13.546.298	163.289.183
Afskriftahlutföll	15%	2%	15-20%	15%	

4. Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat fasteignar nam 208,8 millj. kr. í árslok og brunabótamat 214,9 millj. kr. Vátryggingarverðmæti bifreiða, áhalda og tækja nam 1.371 millj. kr. í árslok 2023.

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2023	2022
Eigið fé í ársbyrjun	360.902.592	353.880.442
Ráðstafað til eigenda	(559.190.010)	(507.450.004)
Hagnaður ársins	546.584.060	514.472.154
Eigið fé í árslok	348.296.642	360.902.592

Ráðstöfunartekjum er skipt á milli eigenda samkvæmt samkomulagi þeirra á milli eftir að tekið hefur verið tillit til fjárhæðar sem lögð er í varasjóð. Skiptingin var eins og hér segir:

		2023	2022
Rauði krossinn á Íslandi	68,7%	384.443.130	348.871.877
Slysavarnafélagið Landsbjörg	31,3%	174.746.880	158.578.127
	100,0%	559.190.010	507.450.004

6. Skuldbindingar

Árið 2018 var gerður þjónustu samningur vegna tölvukerfis til ársins 2027. Skuldbinding vegna samninganna eru áætlaðar um 193 milljónir í árslok 2023.

Undirritunarsíða

Arna Harðardóttir

Þorsteinn Þorkelsson

Kristján Þór Harðarson

Kristín S Hjálmtýsdóttir

Ívar Kristinsson

Auður Cela Sigrúnardóttir